

Reykjavík, 11. júní 2009

Forsætisráðherra
Jóhanna Sigurðardóttir
Forsætisráðuneytinu
Stjórnarráðshúsinu
150 Reykjavík

Forsætisráðuneytið			
Skjalnúmer	09030019	Sam.	AGA
Dag.	11.3	Samr.	
Dag.	12.06.09	Svarfr.	
Dag.		Svarfr.	

Í samræmi við bréf yðar frá 8. júní sl. hefur matsnefndin tekið athugasemdir umsækjenda um embætti seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra til skoðunar. Um leið og nefndin þakkar umsækjendum fyrir góðar ábendingar fylgir álit nefndarinnar um sérhvern þeirra með þessu bréfi.


Eins og fram kemur í fyrra bréfi nefndarinnar til yðar dags. 28. maí 2009 hafði nefndin til stuðnings mati sínu rætt við aðila sem umsækjendur höfðu sérstaklega bent á sem meðmælendur svo og samstarfsaðila og fyrrverandi samstarfsaðila umsækjenda. Það kom einnig til greina að nefndin ræddi auk þess við hvern og einn umsækjenda um sig og fengi frá þeim upplýsingar til viðbótar þeim gögnum sem fylgdu umsóknum þeirra, eins og nokkrir umsækjenda benda á. Þetta taldi nefndin þó ekki framkvæmanlegt sökum þess hve sá tími var stuttur sem nefndin hafði til starfa.

Jafnvel þótt lög um seðlabanka geri sömu kröfur til hæfis seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra er það mat nefndarinnar að menn geti fengið mismunandi hæfismat í sitt hvort starfið. Bendir nefndin á að þessum embættismönnum sé ætlað að starfa hlið við hlið og bæta hvorn annan upp. Þótt aðstoðarseðlabankastjóra sé ætlað að vera staðgengill seðlabankastjóra í fjarveru hans, er staðan auglýst og skipuð að nýju þegar seðlabankastjóri hverfur úr starfi.


Þær athugasemdir sem borist hafa gefa nefndinni ekki tilefni til að breyta mati sínu á einstökum umsækjendum.

Þar sem Guðmundur K. Magnússon er erlendis undirritar hann ekki bréf þetta, en lýsir því yfir í sérstökum tölvupósti að hann hefur tekið þátt í afgreiðslu nefndarinnar og er henni sammála.

Virðingarfyllst,


Jónas H. Haralz

Guðmundur K. Magnússon


Lára V. Júlíusdóttir

Umsagnir um einstakar athugasemdir:

Lilja D. Alfreðsdóttir

Nefndinni var vel kunnugt um góðan starfsferil hennar í Seðlabanka Íslands, en telur þær frekari upplýsingar, er hún nú leggur fram, ekki gefa tilefni til breytingar á fyrri umsögn.

Rannveig Sigurðardóttir

Nefndin er sammála því sem segir í athugasemd hennar að hún hafi haldgóða þekkingu á peningamálum og reynslu af bankamálum og að starfsreynsla hennar hjá BSRB og ASÍ hafi veitt henni verðmæta innsýn í stjórn efnahags og peningamála. Það var einmitt með tilliti til þessara atriða sem nefndin mat hana vel hæfa í embætti aðstoðarseðlabankastjóra.

Jón Þorvarður Sigurgeirsson

Í athugasemdum sínum telur umsækjandi það vanta í umsögn um sig að hann hafi reynslu í mikilvægu starfi í alþjóðastofnunum. Hann telur einnig að hann hafi ekki síður gott orðspor sem stjórnandi en aðrir þeir sem nefndin hafði talið slíkt til tekna. Fyrri umsögn nefndarinnar ber það hins vegar með sér að það er einmitt á grundvelli alþjóðlegrar reynslu hans og góðs trausts á starfi hans á þeim vettvangi og góðra samstarfshæfileika sem þar hafi komið fram að hann er talinn vel hæfur til embættis aðstoðarseðlabankastjóra.

Tryggvi Pálsson

Umsækjandi telur tilefni athugasemdar sinnar fyrst og fremst vera umsögn nefndarinnar um stjórnunarhæfileika og hæfni í mannlegum samskiptum. Telur hann vera á sig hallað í umsögn um þessi atriði samanborið við aðra umsækjendur. Þessi skoðun er á misskilningi byggð. Það var ekki síst með tilliti til góðs álits varðandi þessi tvö atriði sem umsækjandinn var metinn mjög vel hæfur til embættis aðstoðarseðlabankastjóra og vel hæfur til embættis seðlabankastjóra. Mismunandi orðalag í einstökum umsögnum var ekki til þess ætlað að gera greinarmun á mönnum í þessu tilliti.

Jóhann Rúnar Björgvinsson

Umsækjandi gerir ekki athugasemd við umsögn nefndarinnar um sig, heldur fjallar hann um matið á öðrum umsækjanda. Nefndin telur þar af leiðandi ekki ástæðu til umfjöllunar á athugasemd hans af sinni hálfu.

Þorvaldur Gylfason

Umsækjandi véfengir í athugasemdum sínum það álit nefndarinnar að starfsferill hans sé “að heita má allur á sviði háskóla og fræðimennsku.” Í því skyni bendir hann á að í umsókn sinni komi skýrt fram að hann þekki vel til hagstjórnar úr návígi, meðal annars vegna þess að hann hafi starfað sem ráðgjafi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á hverju ári síðan 1993 og sé þar öllum hnútum kunnugur. Hann bætir svo við að ekkert sérverkefni sýnist brýnna á vettvangi Seðlabankans næstu ár en að halda vel á samstarfinu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Í umsókn hans um embætti seðlabankastjóra segir um samskipti hans við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn frá

1993: Visiting Scholar, Lecturer and Consultant, International Monetary Fund (e.g. teaching courses and giving seminars for public officials at the Joint Vienna Institute in Vienna as well as in Africa and Asia). Nefndinni virðist af þessari lýsingu að dæma að hér sé fyrst og fremst um kennslu- og leiðbeiningarstörf að ræða, frekar en beina aðild að starfsemi sjóðsins eins og embættismenn hans eða starfsmenn á skrifstofu Norðurlanda og baltnesku landanna við sjóðinn gegna. Nefndin álitur því sem fyrr að umsækjandann skorti þá beinu reynslu af stjórn peningamála sem sumir aðrir umsækjendur hafa til að bera.

Jón G. Jónsson

Lögfræðingur umsækjanda leggur fram langa greinargerð og fer fram á að matið verði endurskoðað og skjólstæðingur hans metinn mjög vel hæfur. Að því frágengnu verði hann kallaður í viðtal hjá nefndinni og nýtt mat lagt á hæfi hans. Í fyrri umsögn sinni taldi nefndin að reynsla umsækjandans, sem starfað hefur lengi hjá verðbréfafyrirtækinu Merrill Lynch, væri mikil á sviði fjárfestingarbanka en takmarkist við það svið. Á þeim grundvelli var hann metinn hæfur til að gegna embætti aðstoðarseðlabankastjóra. Nefndin telur sér ekki fært að breyta þessari niðurstöðu vegna skorts umsækjanda á starfsreynslu við stjórn peningamála.

Halldór Eiríkur S. Jónhildarson

Umsækjandi leggur fram langa greinargerð og ásakar nefndina fyrir að vísa ekki til sérstakrar lög- og hagfræðivísindahæfni sinnar og lög- og hagfræðivísindarannsókna. Nefndin telur sem fyrr að menntun, vísindastörf og reynsla umsækjandans séu of einhæf til að eiga við um stjórnanda seðlabanka. Sérþekking af þessu tagi getur nýst í störfum tilkallaðra ráðunauta, en ekki í stjórn seðlabanka.

Þorsteinn Þorgeirsson

Umsækjandi bendir í athugasemd sinni á ummæli sín um peningamál hér á landi á árunum 2001-2003, sem hann hafði ekki lagt fram með upphaflegri umsókn sinni. Enda þótt ummælin sem slík séu athyglisverð telur nefndin sér ekki fært að breyta upphaflegri niðurstöðu sinni.

Yngvi Örn Kristinsson

Umsækjandi gerir í athugasemdum sínum ítarlega grein fyrir starfsferli sínum og rökum fyrir því að meta sig jafnhæfan til embættis aðalseðlabankastjóra og þá tvo umsækjendur sem taldir voru mjög vel hæfir til starfsins. Nefndin vill af því tilefni taka fram þau tvö atriði sem mestu skiptu um niðurstöðu hennar. Í fyrsta lagi taldi nefndin að umsækjandinn hefði ekki sambærilega reynslu erlendis á við hina tvo. Þeir hafa starfað við þær alþjóðastofnanir sem mestu varða fyrir starfsemi seðlabanka, Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Alþjóðagreiðslubankann. Hann hefur við hvoruga þessa stofnun unnið, en aftur á móti verið ráðgjafi í sendinefndum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins varðandi stjórn peningamála í þróunarlöndum. Þá reynslu, þótt mikilvæg sé, telur nefndin ekki jafnast á við starfsreynslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sjálfum. Í öðru lagi hefur umsækjandi á undanförunum átta árum starfað í íslenskum viðskiptabönkum og skipað þar mikilvægar stöður. Á sama tíma hafa hinir tveir umsækjendurnir gegnt áfhrifamiklum stöðum í Seðlabanka Íslands og Alþjóðagreiðslubankanum. Nefndin telur þá reynslu þyngri á metunum við val aðalseðlabankastjóra en reynslu umsækjanda á sama tíma.

Baldur Pétursson

Umsækjandi telur að í umsögn nefndarinnar komi ekki fram réttur skilningur á starfsemi bankans EBRD (European Bank for Reconstruction and Development). Þessi athugasemd er réttmæt. Klaufalegt orðalag í umsögn nefndarinnar gefur tilefni til slíkrar niðurstöðu. Eigi að síður var nefndinni ljóst hvers eðlis bankinn er. Hann er opinber alþjóðlegur framkvæmdabanki sem starfar innan Evrópu, er hliðstæður sams konar bönkum í öðrum heimsálfum, og var eins og þeir til orðinn með Alþjóðabankann í Washington sem fyrirmynd. Nefndinni var einnig ljóst að umsækjandi gegndi starfi aðstoðarframkvæmdastjóra og ætti sæti í framkvæmdastjórn bankans eins og hann tekur fram í athugasemd sinni. Það er af þessum sökum ekki ástæða til að breyta þeirri niðurstöðu nefndarinnar að starfsreynsla umsækjanda sé á öðrum sviðum en peninga- og bankamálum, og á nefndin þá með “bankamálum” við málefni seðlabanka og viðskiptabanka.